

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2020/1720**2021/EES/26/11****frá 17. nóvember 2020****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar innflutning á gæludýrafóðri frá Georgíu (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 ⁽¹⁾, einkum fyrstu og þriðju undirgrein 3. mgr. 41. gr. og 2. mgr. 42. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 ⁽²⁾ er mælt fyrir um reglur um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, þ.m.t. skilyrði varðandi heilbrigði dýra og manna vegna innflutnings á gæludýrafóðri. Kröfur vegna innflutnings til Sambandsins og umflutnings í gegnum það á gæludýrafóðri, þ.m.t. nagbein, eru settar fram í XIV. viðauka við þá reglugerð, þ.m.t. skrá yfir þriðju lönd.
- 2) Hinn 19. mars 2019 óskaði Georgía eftir því að vera færð á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 vegna innflutnings á unnu gæludýrafóðri til Sambandsins, þó ekki gæludýrafóðri í dós.
- 3) Framkvæmdastjórnin annaðist vettvangseftirlit, þ.m.t. ítarlegt mat á heilbrigðislöggjöf þriðja landsins, sem er umsækjandinn, um dýr og dýraafurðir og á getu lögbærra yfirvalda í þriðja landinu, sem er umsækjandinn, til að koma þessari löggjöf í framkvæmd og framkvæma opinbert eftirlit, í því skyni að færa þriðja landið, sem er umsækjandinn, á skrá í XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 vegna innflutnings á unnu gæludýrafóðri til Sambandsins, þó ekki gæludýrafóðri í dós. Lögbær yfirvöld í Georgíu hafa veitt framkvæmdastjórninni tryggingu fyrir því að Georgía geti uppfyllt viðeigandi heilbrigðisskilyrði og fullnægjandi ábyrgðir fyrir eftirlitið sem þar er haft með framleiðslu á unnu gæludýrafóðri, þó ekki gæludýrafóðri í dós. Því þykir réttlæt看legt að bæta Georgíu á skrána yfir þriðju lönd þaðan sem flytja má unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dós, inn til Sambandsins og umflytja gegnum það.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 142/2011 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 386, 18.11.2020, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 91/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1

⁽²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjttð ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Í stað 12. línu í töflu 2 í 1. þætti II. kafla XIV. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011 kemur eftirfarandi:

<p>„12</p>	<p>Gæludýrafóður, þ.m.t. nagbein</p>	<p>a) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður og nagbein: efni sem um getur í i. og ii. lið a-liðar 35. gr. b) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: efni sem um getur í iii. lið a-liðar 35. gr.</p>	<p>Gæludýrafóðrið og nagbeinin skulu hafa verið framleidd í samræmi við II. kafla XIII. viðauka.</p>	<p>a) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: Þau þriðju lönd, sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 eða í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 798/2008, þaðan sem aðildarríkin heimila innflutning á nýju kjöti af sömu dýrategundum og þar sem eingöngu er heimild fyrir kjöti með beini. Ef um er að ræða efni úr fiski, þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB. b) Ef um er að ræða nagbein og gæludýrafóður, þó ekki hrátt: Þau þriðju lönd sem eru tilgreind í 1. hluta II. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 206/2010 og eftirfarandi lönd: (JP) Japan (EC) Ekvador (LK) Srí Lanka (TW) Taívan (SA) Sáði-Arabía (eingöngu unnið gæludýrafóður úr alifuglum) (GE) Georgía (eingöngu unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður úr efnum úr fiski: þriðju lönd sem eru tilgreind í II. viðauka við ákvörðun 2006/766/EB.</p>	<p>a) Ef um er að ræða gæludýrafóður í dósum: A-liður 3. kafla XV. viðauka. b) Ef um er að ræða unnið gæludýrafóður, þó ekki gæludýrafóður í dósum: B-liður 3. kafla XV. viðauka. c) Ef um er að ræða nagbein: C-liður 3. kafla XV. viðauka. d) Ef um er að ræða hrátt gæludýrafóður: D-liður 3. kafla XV. viðauka.“</p>
------------	--------------------------------------	--	--	--	--